

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verslun með ópíum o. fl.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 52 13. apríl 1973, um sérstakan dómara
og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Mál vegna brota á lögum nr. 77 16. júní 1970, um tilbúning og verslun með ópíum o. fl., og reglugerðum settum samkvæmt þeim lögum, svo og mál vegna brota á lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, og mál vegna brota á 173. gr. a. almennra hegningarlaga skulu rannsókuð, rekin og dæmd fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum.

2. gr.

1. málsg. 2. gr. laganna orðist svo:

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum skal hafa aðsetur í Reykjavík.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Um málsmeðferð alla fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum skal fara eftir ákvæðum laga nr. 73 21. júní 1973, eftir því sem við á.

4. gr.

2. málsg. 5. gr. laganna orðist svo:

Nú kemur upp í almennu refsímáli eða ástæða þykir til að ætla, að söku-nautur hafi einnig framið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum, settum samkvæmt þeim lögum, eða lögum um ávana- og fíkniefni og reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, eða gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Skal þá fá ákvörðun saksóknara ríkisins um, hvort rannsókn og meðferð brotanna skuli haldið áfram fyrir hinum almenna dómi eða sent til meðferðar sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú telur héraðsdómari ástæðu til að ætla, að framið hafi verið refsivert brot gegn lögum nr. 77/1970 og reglugerðum samkvæmt þeim eða lögum um ávana- og

fíkniefni og reglugerðum eða öðrum stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt þeim, eða gegn 173. gr. a. almennra hegningarlaga. Skal hann þá þegar hefja frumrannsókn í málinu, en jafnframt tilkynna sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um málið, og tekur hann við meðferð þess.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

21. maí 1974.

Nr. 67.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 101 28. des. 1970, um Lífeyrissjóð bændu,
sbr. lög nr. 35 1972, um breyting á þeim lögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita bændum, sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum, aðild að sjóðnum, enda hafi þeir meiri hluta atvinnutekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbyli, ef um er að ræða verulegan búrekstur, sem hlutaðeigandi hefur meiri hluta tekna sinna af. Þá er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá þátttöku þeim bændum, sem eru sjóðfélagar í öðrum lífeyrissjóðum og hafa meiri hluta atvinnutekna sinna af öðru en búvöruframleiðslu.

2. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld bændu, sem eru sjóðfélagar, skulu innheimt af búvöruverði sem tiltekinn hundraðshluti þess. Hundraðshluti þessi skal ákveðinn fyrir fram fyrir hvert almanaksár, þannig að hann samsvari 4% af grundvallarlaunum, sbr. 8. gr., í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara haustið á undan. Hundraðshlutinn skal reiknaður með tveimur aukastöfum, og skal gjald þetta dregið frá búvöruverði til sjóðfélaga á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 38 1945.

Bændur, sem eru í hjónabandi eða óvígðri sambúð, sbr. 21. gr., skulu ekki greiða herra iðgjald en sem svarar 4% iðgjaldi af hálfum öðrum grundvallarlaunum samkvæmt 8. gr., en aðrir bændur skulu greiða iðgjald af allt að grundvallarlaunum. Hámark þessi miðast hvert almanaksár við hjúskaparstétt í lok ársins.

Á móti iðgjöldum sjóðfélaga samkvæmt 1. málsg. skal leggja gjald á allar búvörur, og skal gjald þetta vera ákveðinn hundraðshluti ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bændu, er þeim ber að greiða iðgjöld af samkvæmt 1. og 2. málsg. Heimilt er að hækka útsöluverð allra búvara sem þessu nemur.